# Ice Cup 2015 - keppnisreglur

**1. Keppnisfyrirkomulag**
Liðin verða í upphafi dregin í tvo átta liða hópa.

Tvær umferðir eru spilaðar innan hópanna á fimmtudegi og fyrri hluta föstudags. Síðan eru liðin sameinuð í einn pott og þeim raðað áður en lið eru pöruð fyrir leiki þriðju umferðar. Öll liðin spila einn leik síðdegis á föstudegi. Eftir þriðju umferð er liðunum raðað og þeim skipt í A-deild (8 lið) og B-deild (8 lið). Leikin er ein umferð í viðbót innan deildanna á laugardagsmorgni.

Liðum er raðað eftir stigum, síðan unnum umferðum, síðan skoruðum steinum. Í hverjum leik fær lið andstæðing sem er næst því í röðinni, eins og kostur er.

Leikir um verðlaun:
1-2 í A-deild leika um gullverðlaun í aðalkeppninni
3-4 leika um bronsverðlaun í aðalkeppninni
1-2 í B-deild leika um B-deildar verðlaun.

**2. Leikir**
Leikirnir eru 7 umferðir. Jafntefli eru leyfð. Sigur gefur tvö stig, jafntefli eitt stig. Leika þarf allar sjö umferðirnar nema bæði liðin séu sammála um að hætta leik. Hafið þó í huga að röðun liða getur ráðist af fjölda unninna umferða eða skoraðra steina.

Verðlaunaleikir eru átta umferðir.

**3.**
Að öðru leyti er leikið skv. krullureglum Alþjóða krullusambandsins, WCF.